

Heiti verkefnis: Umönnunarnám með áherslu á verklegt nám og vinnustaðanám

Heildarmarkmið

Markmið verkefnisins er að undirbúa, hafa samráð um og skipuleggja nám sem inniheldur eins **fáar bóklegar hindranir og mögulegt er** en gefur samt nemanda færni og hæfni sem þarf að hafa til að geta aðstoðað fatlaða og aldraða á heimilum, sambýlum og sjúkrastofnunum. Hér er ekki verið að keppa við námstilboð sem eru sett fram fyrir eldri en 22 ára og þar sem krafist er vinnureynslu. Aðalmarkmið námsins er samt að þroska einstaklinginn þótt viðkomandi muni hugsanlega ekki sinna störfum í þessum geira.

Leiðarljós verkefnisins er að reyna að skoða þá möguleika sem VMA og stuðningskerfi fatlaðra og aldraðra á Akureyri býr yfir til að þjálfa upp alhliða starfsmenn sem geta sinnt persónulegri aðstoð og umönnun fólks sem ekki endilega er veikt en þarf mikla aðstoð vegna fötlunar, aldurs eða annarra orsaka.

Þetta nám gefi útgönguleiðir í ýmsar áttir svo sem í störf við heimaþjónustu, í skólastofnunum og sambýlum, við persónulega aðstoð og til að efla persónulegan þroska og hæfni nemenda. Námið sé líka nokkurs konar nám í að sjá um sjálfan sig.

Námið einkennist af þjálfun í verklegum þáttum einfaldrar hjúkrunar, umönnunar, notkunar hjálpartækja, umsjón með heimilishaldi og matargerð en einnig aðstoð við snyrtingu og almennt hreinlæti. Ekki er ætlunin að fólk þjálfist í þeim þáttum sem heimahjúkrun sinnir svo sem erfiðari færslum milli stóls og rúms, aðstoð við salernisferðir eða böðun.

Bóknámskröfur verði fyrst og fremst til þeirra sem hafa áhuga og getu til þess þannig að hæfileikar nemenda nýtist sem best og þeir eigi kost á áframhaldandi námi. Þeir nemendur sem ekki sýna áhuga og hæfni til bóknáms taki þá áfanga sem henta þeim en bæti við sig öðru námi sem eykur fjölbreytni í reynslu og kunnáttu svo sem í listnámi eða verknámi yfirleitt. Hér munu almennir bóknáms- og verklegir áfangar á almennri braut líka koma til greina.

Dæmi um hæfnimarkmið. Nemandi sé hæfur til að:

Annast einstakling sem þarf aðstoð við daglegt líf. Meðal annars að taka til mat með einföldum hætti, ganga frá eftir máltíðir á heimili. Setja í þvottavél og ganga frá þvotti. Sjá um almenn þrif á íbúð og aðstoða við skipulag á innkaupum.

Umgangast fólk sem þarf aðstoð. Það felur meðal annars í sér að skilja það hvað er trúnaður og hvað er viðeigandi að ræða um við aðra. Að virða einstaklinginn sem manneskju og þær ákvarðanir sem hann tekur um eigið líf.

Að kunna að nota sjúkrarúm og helstu hjálpartæki sem fatlaðir nýta sér. Aðstoða fólk með skerta hreyfigetu við að komast úr rúmi og í rúm, að sinna einfaldri hjúkrun svo sem að mata og hagræða manneskju í rúmi. Ennfremur að aðstoða fólk við daglega snyrtingu.

Hugmynd að brautarlýsingu og áföngum: lágmark eininga 81. Miðast við 5 – 6 anna nám.

Skyldugreinar: a.m.k. **51** ein

Almennt

LKN 3 ein lífsleikni

ÍÞR 6 ein íþróttir / hreyfing

Verknám lágmark 24 einingar sjá áfangalýsingar á vef VMA.

Húkrunargreinar HJV103, HJÚ103, LÍB101, UOS (umönnun og aðstoð) 103/104 7 - 11 ein.

Matvælagreinar VÞS 106 og 206, VÞV 102 (eða ATF) HRÖ101 KMN101 12 - 16 ein

Hársnyrting og fl. 6 - 9 ein

Vinnustaðanám við starfsbraut VMA 6 - 9 ein

Vinnustaðanám undir eftirliti og skipulagi VMA með samvinnu við vinnustaði. 12 - 18 ein

Bóklegar sérgreinar. Miðast við hæfni í bóknámi.

Þar skilur á milli náms á 2 þrepi og 3 þrepi. Lágmark **18** ein ?? **ATH betur**

HBF 3 ein

SÁL 3 - 6 ein

FÉL 3 - 6 ein

NÆR 3 ein

Sérfög félagsliða / sjúkraliða / stuðningsfulltrúa brauta 6 - 12 ein m.a. umræða um félagslega stöðu og réttindi.

Hægt að sleppa við sumt af þessu ef almennt val er a.m.k. 24 einingar.

Val til þess ætlað að víkka sjóndeildarhring nemandans og vinna með styrkleika hans.

Lágmark 12 einingar

Hér koma inn nánast allir aðrir áfangar í framhaldsskólum.

Almennar bóklegar og verklegar greinar bæði á almennri braut (upprifjunaráfangar) og einnig aðrir áfangar í almennum bóklegum greinum framhaldsskólans. Einnig eða í staðinn komi sérgreinar annarra námsbrauta í bóknámi, verknámi eða listnámi.

Þeir nemendur sem vilja ljúka öðrum námsbrautum svo sem félagsliða, skólaliða eða slíku námi nýta sérgreinar hér.

Vinnustaðanámið gæti að hluta til farið fram að sumri til sem sumarstarf en þá þarf að gera áætlun um það og skila vinnubók líkt og um vinnustaðanám sem fylgir stundatöflu væri að ræða. Hver vinnuvika 35 klst. í slíku starfi gildir sem ein eining.

Aðdragandi og ástæður umsóknarinnar

VMA á gögn um námsgengi hópa nemenda og þar kemur skýrt fram að ólíklegt er að nemendur sem byrja á almennri námsbraut útskrifist á 4 – 6 árum úr framhaldsskóla. Þar koma til ýmsar ástæður en líklega er ein þeirra bóknámskrafa á öllum námsbrautum. ÍSL102, STÆ102 og slíkir áfangar eru skylda á öllum námsbrautum hvort sem þær leiða til stúdentsprófs eða starfsréttinda. Nánast engir raunhæfir kostir eru á útskrift úr framhaldsskóla án þessara bóknámskrafa. Til viðbótar við almennt bóknám krefjast allar umönnunar eða uppeldisbrautir bóknáms í sérgreinum og þeir nemendur sem eiga erfiðast með bóknámið horfa fram á að eiga erfitt með að útskrifast.

Í ýmsum löndum Evrópu eru niðurstöður úr stöðluðum prófum notaðar ásamt ýmsum öðrum gögnum um nám og stöðu nemenda til að flokka nemendur. Í Hollandi taka þrjár gerðir skóla við nemendum við 13 ára aldur en þessar þrjár gerðir mótast að nokkru af áherslu í bóknámi. Nemendur sem sýna mestu færni í bóklegu innritast frekar í skóla sem miðar markvisst að undirbúningi fyrir háskólanám. Háskólanám er samt ekki lokað öðrum nemendum. Ennfremur er fyrsta árið nokkurs konar reynsluár til að komast að því hvort skólinn hentar nemandanum.

Mikið hefur verið rætt um ýmsar verknámsbrautir sem ekki endilega leiða til sveinsprófs í iðngreinum. Meðal annars hefur verið rætt um stigskiptingu í iðnnámi. Þessar hugmyndir hafa sumar fallið í grýttan jarðveg hjá atvinnurekendum og stéttarfélögum. Akureyri er að ýmsu leyti hentugur vettvangur fyrir samræðu um þessa hluti. Hægt er að gera tilraunir með fyrirkomulag á fáum vinnustöðum.

Ef það er ætlunin álitum við að það þurfi að koma á skipulegu verklagi og skýrum markmiðum með námi á vinnustað. Ef VMA og aðrir framhaldsskólar munu bjóða upp á miklu fjölbreyttara atvinnutengt nám í framtíðinni mun það örugglega verða tengt sterkum böndum við vinnustaði með margvíslegu vinnustaðanámi sem hluta af námi í skóla. VMAhefur unnið að því ða þróa formleg vinnubrögð við að fylgjast með og aðstoða nemendur á meðan þeir eru í vinnustaðanámi. Sjá:
<http://workmentor.vma.is/wiki/index.php/Iceland>
<http://workqual.vma.is>

Þetta verkefni er ætlað til að byrja á að skoða möguleika á mjög hagnýtu almennu námi sem líka yrði metið sem nám fyrir fólk sem sinnir einfaldri umönnun og stuðningi við þá hópa sem þurfa aðstoð. Undanfarin ár hafa orðið þær breytingar að reynt er að sinna fötluðum og öldruðum á heimilum frekar en að búa til stórar stofnanir. Það fólk sem sinnir þessari aðstoð þarf margvíslega færni. VMA býður nú þegar nám í heimilishaldi á matvælabraut, snyrtingu á hársnyrtibraut og umönnun á sjukralliðabraut.

Akureyri er í fararbroddi hvað varðar þjónustu við fatlaða, meðal annars vegna þess að Akureyri tók yfir þjónustu við fatlaða á undan flestum sveitarfélögum í gegnum sérstök tilraunaverkefni á því sviði. Rekstur heimaþjónustu og heimahjúkrunar er í mjög föstum skorðum og þjónustan er til fyrirmyndar. Þetta umhverfi ætti að vera tilvalið til að þróa nám sem gæti verið á mörgum þrepum. Almennt umönnunarnám á fyrsta til öðru þrepi sem er fyrst og fremst verknám. Umönnunarnámið gæti hentað fyrir suma nemendur sem hluti af námi á þriðja þrepi til stúdentsprófs og að lokum er Akureyri eini staðurinn á landinu sem menntar iðjupjálfa ásamt hjúkrunarnámi.

Að þessu samanlögðu má telja eðlilegt að prófa að nota umhverfið á Akureyri til að gera tilraunir á þessu sviði. Hvað sem verður um nemendur ætti námið að nýtast þeim vel í daglegu lífi.

Helstu verkþættir verkefnisins eru:

- Að skilgreina færniþætti sem fólk þarf að hafa sem vinnur við almenna aðstoð og heimaþjónustu við fatlaða og aðra.
- Skoða námskrár á Íslandi og í öðrum löndum og finna sameiginlega þætti sem hugsanlega eru taldir til fleiri en einnar námsbrautar í núverandi námskrám.
- Að leiða saman stofnanir sem sinna slíkri aðstoð og þær námsbrautir í VMA sem geta þjálfað verklega þætti.

Hér er um að ræða meðal annars:

Brautir í VMA: sjúkraliðabraut, matvælabraut, hársnyrtibraut, starfsbraut.

Stofnanir á vegum opinberra aðila og félagasamtök:

Heimaþjónusta A og B og heimahjúkrun eftir aðstæðum og fl. þjónustukerfi, Atvinna með stuðningi, Hæfingarstöðin Skógarlundi. Þroskahjálp, Sjálfsbjörg, Öryrkjabandalag, vinnustaðir fatlaðra og fleiri.

Einnig að leita til annarra sem málið varðar:

Starfsgreinaráð heilbrigðis- og félagsgreina og uppeldis og tómstundagreina

Stéttarfélögin Eining lóða og Kjölur

Skjólstæðingar (notendur þjónustunnar)

Starfsmenn við heimaþjónustu og fleiri.

- Að móta námskrá fyrir nám sem byggir mest á verklegum greinum í VMA og vinnustaðanámi en sníður bóklegar kröfur að hverjum og einum nemanda eftir getu og áhuga. Þannig verði dregið mjög mikið úr því að skilgreina ákveðna skylduáfangi í bóklegum greinum en meiri áhersla lögð á fjölbreytt verklegt nám

með öfluggu vinnustaðanámi sem hluta af náminu í skólanum.

- Að stilla upp hugmynd að skipulagi námsins fyrir annarsveggar nemendur sem eru á almennri braut og hinsvegar þá sem væru að stunda meira bóknám.
- Að halda starfsfóstranámskeið fyrir þá starfsmenn í þjónustu við fatlaða og aldraða sem myndu taka að sér nemendur.
Sjá starfsfóstraverkefnið Workmentor í VMA
<http://workmentor.vma.is/wiki/index.php/Iceland>
- Að koma hugmyndunum á þann leg að sótt verði til ráðuneytis um að mega kenna þetta nám og skila áætlun um framkvæmdina.

Lokamarkmið verkefnisins er að til verði drög að námskrá og útfærsla á því hvernig hægt er að sinna vinnustaðanáminu og þjálfuninni. Í þessu verkefni er ekki gert ráð fyrir að prufukeyra námið. Það kemur síðar. Eitt af helstu markmiðunum er samt að sýna fram á að nú þegar er megnið af því námi sem þarf að bjóða til í VMA, í SÍMEY og á vinnustöðum. Ekki er gert ráð fyrir að það þurfi að bæta mörgum séráföngum við það sem nú þegar er í boði.

Af hverju áhersla á vinnustaðanám en ekki nám í skóla?

Af hverju að sækja um styrk til að vinna að þessu verkefni?

Grunntónn verkefnisins er að til að koma til móts við ungt fólk og vinna gegn því að það flosni úr skóla þarf atbeina margra aðila. Skólarnir geta ekki séð um þetta einir. Um leið og nemendur hætta að mæta eða sækja ekki um skóla eru þeir úr höndum skólanna. Það er því mikilvægt að fá fram samræðu og samræmd vinnubrögð, meðal annars hvað varðar vinnustaðanám og dvöl ungmenna á vinnustað. Öflugar stofnanir og þjónustukerfi hafa örugglega bolmagn til að taka við nemendum og sjá um þjálfun. Það er hinsvegar ekki einfalt mál og gera þarf ráð fyrir því að það þurfi skipulag og fræðslu fyrir þá starfsmenn sem sjá um þjálfunina. Þar er aftur komin ástæða fyrir samstarfi margra aðila. Ef slík vinnubrögð sýna sig að vera til bóta er hægt að yfirfæra þau á fagnám sem fer fram á vinnustöðum svo sem í sjúkraliðanámi og iðnnámi.

Nám er vinnandi vegur verkefnið hefur það einmitt að markmiði að efla námsframboð fyrir hópa nemenda sem hafa haft úr litlu að móða og við teljum að samstarf um svona verkefni falli fullkomlega að markmiðum verkefnisins. Nám er vinnandi vegur.

Verkátætlun (þarf að skoða vel)

Hér er ekki sett fram sérstök verkátætlun þar sem hægt verður að vinna flesta verkþættina sem taldir voru upp að framan samhliða.

Kostnaður

Reiknað er með að vinna við verkefnið verði sem nemur 30% starfi í eitt ár. Til viðbótar kemur ferðakostnaður innanlands alls 100.000 kr. Ef til vill er ástæða til að reikna með heimsókn t.d. til Danmerkur en kostnaði við slíkt verður haldið í lagmarki og hann tekinn af öðru í verkefninu. Líklega verða þetta alls 2,0 milljónir kr.

Hlutverk aðila

Verkefnisstjóri verður frá VMA í 20% starfi. Sá aðili sér um alla vinnu við að útbúa gögn, halda fundi, skipuleggja fundina og taka saman gögn fyrir og eftir þá.

Aðrir aðilar sem koma að verkefninu tilnefna starfsmenn til að taka þátt í fundum og taka þátt í starfsfóstranámskeiði. Reiknað er með sem nemur 10% starfi alls við að vinna með gögn um færniþætti og skipuleggja þátttöku mismunandi aðila í náminu.

Þessi vinna kemur líklega mest í hlut starfsmanna heimahjónustu A og B en líka að einhverju leyti starfsmanna starfsbrautar fatlaðra í VMA.

Aðrir aðilar eins og Vinnumálastofnun, Samtök atvinnurekanda á Akureyri (SATA), stéttarfélag og aðrir munu fyrst og fremst koma að verkefninu með því að skoða gögn og sitja fundi. Ekki er gert ráð fyrir að greiða fyrir það að sitja fundi um verkefnið.

VMA mun leggja til öll gögn sem varða áfanga sem kenndir eru í skólanum og einnig úr starfsfóstraverkefninu Workmentor. Ennfremur mun verkefnisstjórinn í VMA sjá um að skoða námskrár og sníða námið að þeim.

Búsetu- og fjölskyldudeildir Akureyrarbæjar munu sjá um að safna upplýsingum um þá þjónustu sem veitt er og þá færni sem ætlast er til af starfsmönnum.

SÍMEY (Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar) rekur brúarnám fyrir félagsliða og fleiri námsleiðir fyrir fólk með starfsreynslu og er orðið eldra en 22 ára. SÍMEY mun taka þátt í fundum og skoða hvernig það nám sem nú er boðið uppá fyrir fólk sem er eldra en 22 ára fellur að því sem hér er fjallað um.

Vinnumálastofnun mun taka þátt í fundum og leggja inn verklag sem er notað þegar verið

er að hafa samband við vinnustaði og koma fólki af atvinnuleysisrá á vinnustaði.

Eining lója og Kjölur munu taka þátt í fundum og skoða stöðu nemenda sem ljúka slíku námi hvað varðar kjarasamninga og einnig hvernig er hægt að meta starfsfóstranámskeið. Þessi félag munu einnig aðstoða við samskipti við önnur stéttarfélög eftir því sem við á.

Aðrir aðilar sem hafðir verða með í ráðum eru meðal annars Samtök atvinnurekenda á Akureyri (SATA), Fjölsmiðjan, félagasamtök svo sem Sjálfsbjörg, Súlur björgunarsveit, Rauði krossinn og fleiri.

Undirskriftir frá þeim aðilum sem koma beint að verkefninu og nefndir eru með ákveðin hlutverk.

Akureyri ?? 201?

Verkmenntaskólinn á Akureyri

SÍMEY

Búsetudeild Akureyrarbæjar

Kjölur

Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar

Skóladeild Akureyrarbæjar

Vinnumálastofnun

Eining lója